



## Félag Einstæðra Foreldra

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5.9.2015

Efni: Umsögn Félags einstæðra foreldra um 788.mál á 144. löggjafarþingi um húsnæðisbætur.

Félag einstæðra foreldra (FEF) fagnar þeim réttarbótum sem fram koma í 2.gr. um markmið frumvarpsins.

Samkvæmt 11.gr. frumvarpsins eiga þeir sem leigja herbergi án séraðgangs að eldhúsi og baði ekki rétt til húsnæðisbóta. Dæmi eru um að einstæð foreldri ásamt börnum búi við þannig húsakost til lengri eða skemmri tíma vegna fjárskorts eða skorts á viðunandi húsnæði.

Í slíkum tilfellum er æskilegt og um leið í anda laganna um styðja efnaminni leigjendur að gera undanþágu frá skilyrðum húsnæðisbóta samkvæmt 11.gr. Tillaga FEF er að í 13.gr.verði bætt við ákvæði í þessa veru:  
**„d. sambýli einstæðs foreldris eða forsjáraðilla og barna þess.“**

Það er sérstök ástæða að fagna ákvæðum 12.gr. að barn telst heimilismaður hjá báðum foreldrum sínum eða forsjáraðilum. Með þessu öðlast foreldrar sem skipta með sér umgengni við börn sín sama rétt til húsnæðisbóta. Auk þess að vera sanngirnismál þá snertir þetta ekki síst börnin og styður vel við þau ákvæði barnalaga (2003 nr 76) sem fjalla um rétt barns til umgengi við báða foreldra.

Þetta jafnréttismál hefur verið baráttumál FEF enda er aðstöðumunurinn ósanngjarn og bitnar á samskiptum foreldra og ekki síst aðbúnaði barna.

F.h. Félags einstæðra foreldra

Oktavía Guðmundsdóttir  
Félagsráðgjafi FEF